


Nesfréttir



MARS 2019 • 3. TBL. • 32. ÁRG. • www.borgarblod.is

Vesturbærjarútibú við Hagatorg



Öskudagsstemning á Nesinu

Það var líf og fjör á Öskudaginn á Seltjarnarnesinu eins og ávallt. Skrautlegir krakkar og skemmtilegar furðuverur fóru um bæinn með söng og gleði og fengu að sjálfsögðu sætan glaðning að launum. Ljósmyndirnar segja auðvitað allt sem segja þarf um Öskudagsstemninguna.



Góð þjónusta – Hagstætt verð

Afgreiðslutími:
Virka daga: kl. 9-18:30
Laugardaga: kl. 10-16

Reykjavíkur Apótek
Seljavegur 2 | Sími: 511-3340 | Fax: 511-3341 | www.reyap.is | reyap@reyap.is



HÚSNÆDISÞJÓNUSTA
ÍSLANDSBANKA

Netgreiðslumat Íslandsbanka
er endurgjaldslaust til ársloka

Íslandsbanki

Nesfréttir

www.borgarblod.is

ÚTGEFANDI: Borgarblöð ehf, Eiðistorgi 13-15, 172 Seltjarnarnes, Pósthólf 171. **S:** 511 1188 • 552 1953 • 895 8298
RITSTJÓRI: Kristján Jóhannsson • **ÁBYRGÐARMAÐUR:** Kristján Jóhannsson
BLAÐAMAÐUR: Þórður Ingimarsson **UMBROT:** Valur Kristjánsson
NETFANG: borgarblod@simnet.is • **HEIMASÍÐA:** borgarblod.is
Nesfréttir koma út mánaðarlega og er dreift frítt í hvert hús á Seltjarnarnesi

Leiðari

Einkabíllinn og opinberir aðilar

Einkabíllinn er til umræðu um þessar mundur. Ekki aðeins hér á landi heldur um hin vestræna heim og víðar. Ástæður þess eru einkum af tvennum toga.

Annars vegar vaxandi útblástur koltvíoxíðs í andrúmslofti og hækkandi hitastig sem af því hlýst. Að mati umhverfisfraðinga og margra annarra blasa við bráðar hættur í loftslagsmálum verði ekki brugðist við. Meðal annars með minni umferð bíla.

Hins vegar eykur fólksfjölgun og vaxandi byggð í borgum og borgarhverfum þörf fyrir umferð fólks. Bæði til og frá vinnu og einnig til að sinna ýmsum erindum og áhugamálum. Umferð verður þéttari og tafsamari eftir því sem fleiri bílar fara um á akbrautum.

Við þessu er nokkuð erfitt að bregðast. Einkabíllinn er samgrón mannlífi á Vesturlöndum og ekki síst hér á landi. Ljóst er að hann mun ekki hverfa en líkur eru til að bílum fækki á næstu árum miðað við fólksfjölda – bæði hér og annars staðar.

Hraðar og umhverfisværar almenningssamgöngur, nokkuð sem margir þekkja af ferðum í öðrum löndum hefur ekki náð að þróast hér á landi. Með nýrri kynslóð er hugsunarhátturinn að breytast. Lífsgæði snúast minna um einkabilinn en hjá eldra fólk. Umferðavenjum verður ekki breytt með boðum og bönnum. En opinberir aðilar verða að bregðist við þannig að breytur ferðamáta verði aðlaðandi.

Tuttugu og sjö tillögur bárust

- val á vinningstillögu kynnt í maí

Mikil þátttaka var í hönnunar-samkeppni um nýjan leikskóla á Seltjarnarnesi. Bæjarstjórn Seltjarnarnesbæjar, í samstarfi við Arkitektafélag Íslands, auglýsti opna tveggja þreppa samkeppni um nýjan 16 deilda leikskóla á Seltjarnarnesi 1. desember 2018. Skilafrestur í fyrra þrepi keppninnar rann út þriðjudaginn 19. febrúar 2019.

Tuttugu og sjö tillögur bárust og valdi dómnefnd fjórar þeirra til áframhaldandi þáttöku. Skilafrestur í öðru þrepi keppninnar er 15. apríl n.k. Áætuð heildarstærð leikskólans er um 2.400 fermetrar nettó, en samkeppnissvæðið í heild er tæplega 10.000 fermetrar að stærð. Þar skal gert ráð fyrir leiksþæði, aðkomu og bílastæðum, en leikskólinn skal rúma 300 börn. Mikil áhersla er lögð á góða nýtingu rýmis og samspli úti- og innisvæða. Lögð er áhersla á góða aðstöðu fyrir börn og starfsfólk.

Gert er ráð fyrir að val á vinnings-tillögu verði tilkynnt um miðjan maí og þá verður haldin sýning á öllum



Baldur Pálsson fræðslustjóri Seltjarnarnesbæjar með allar innsendu tillögurnar 27 sem bárust í hugmyndasamkeppnina – venn stafla það.

keppnistillögum auk þess sem útbjóðandi gefur út prentað dómnefndarálit um allar tillögur.



Lóð leikskólans á Seltjarnarnesi.

Verið er að ráða í stöður á hjúkrunarheimilinu Seltjörn

Margt yngra fólk hefur sótt um starf hjá Hjúkrunarheimilinu Seltjörn á Seltjarnarnesi. Enn vantar þó fleira til fullorðnu fólk sem hefur einhverja reynslu í þeim störfum sem ráða þarf í.

Áætlað er að hjúkrunarheimilið taki til starfa um 20. mars. Þá verður tekið á móti fyrsta vistmanninum af þeim tíu sem áætlað er að taka á móti í fyrstu lotu.



HÚSAVIDGERDIR.IS

ALHLIÐA MÚR- OG STEYPUVÍÐGERÐIR

Hafðu samband

Við skoðum og gerum tilboð!

www.husavidgerdir.is/hafa-samband
info@husavidgerdir.is - Sími 565-7070



 Finndu okkur á Facebook


Kjötkompaní

SMÁRÉTTIR

ALLT FYRIR VEISLUNA

FERMINGAR | BRÚDKAUP | AFMÆLI

... eða af því bara!



Hafnarfirði É Grandia



Skaraskúr á að hverfa

Seltjarnarnesbær ætlar að láta rífa Skaraskúr eða flytja hann burt af lóð við íþróttamiðstöð bæjarfélagsins að Suðurströnd 10 Seltjarnarnesi. Af þeim sökum var óskarð eftir tilboðum í njóðurri hans eða brottflutning á dögum.

Búið er að aftengja lagnir en fjarlægja þarf sökkla og plötu auk skúrsins sjálfs. Skúrinn hýsti lengi

sjoppu- og skyndibitarekstur en síðast var Systrasamlið þar til húsa og seldi m.a. heilsuvörur. Skúrinn hefur staðið auður að undansförnu en hann hefur ekki lóðarréttindi. Fyrir nokkrum var ákveðið að fjarlægja skyldi skúrinn og að líkindum mun hann hverfa af íþróttamiðstöðvarlóðinni á næstunni.

Skrifstofuhúsnæði til leigu

Til leigu 130 fm skrifstofuhúsnæði við Austurströnd 1, Seltjarnarnesi.

Um er að ræða vel staðsett og nýlega innréttáð skrifstofuhúsnæði.

Húsnæðið er á 2. hæð. Laust frá 1.4.2019

Frekari upplýsingar eru veittar í síma 562-0900 / 892-0394 eða á bokhald@hler.is

Mikilvægt að teppa ekki umferðarflæði



Borgarstjórn vill lækka hámarkshraða á Hringbraut.

Bæjarstjórn Seltjarnarness harmar að ekkert samráð hafi verið haft við bæinn vegna lækkunar hámarkshraða á Hringbraut úr 50 km/klst. í 40 km/klst. Einnig hafi hámarkshraði verið lækkaður á Hofsvallagötu, Ægis-síðu og Nesvegi við sama tækifaeri. Bent er á að Hringbraut sé stofnbraut í umsjón Vegagerðarinnar og til að lækka hámarkshraða þurfi Lögreglan í Reykjavík að samþykka lækkun. Bent er á að Hringbraut sé ein af tveimur megin samgönguásum sem íbúar nota til og frá vinnu frá Seltjarnarnesi og Vesturbæ.

Í bókun Sjálfstæðismanna í bæjarstjórn Seltjarnarness segir að þann 5. febrúar síðastliðinn hafi borgarstjórn Reykjavíkur

ákveðið að lækka hámarkshraða á Hringbraut. Bæjarstjórn Seltjarnarness hafi um nokkurt skeið lýst áhyggjum sínum um þróun samgöngumála m.a. í vesturhluta höfuðborgarsvæðisins og lagt áherslu á að tryggð verði greið og örugg umferð bifreiða um borgarhlutana, ekki síst í hugsanlegum neyðartilvikum. Nýverið hafi hámarkshraði í Geirsgötu verið lækkaður í 30 km/klst. Þá segir að á Seltjarnarnesi búi liðlega 4600 manns og áfórmáð að að þeim fylgi í 5000 á næstu árum. Vestan Hringbrautar er einnig umfangsmikil íbúðauppbýgging á Keilugranda. Afar mikilvægt sé því að umferðarflæði verði ekki teppt frekar en nú er orðið.



www.systrasamlagid.is

**KOMDU MEÐ BÍLINN
Í TJÓNAASKOÐUN**

Vottað réttinga- og málningarverkstaði

GB Tjónaviðgerðir er réttinga- og málningarverkstaði vottað af Bílgreinásambandinu. Við tryggjum hámarksgæði með því að nota fyrsta flokks tækjabúnað og efni. Styðjumst við tæknupplýsingar framleiðanda um hvernig skuli staðið að viðgerð.



Tjónaskoðun

Við skoðum bílinn og undirbúum tjónamatíð sem sent er til tryggingafélaga.



Réttung og málning

Við vinnum eftir stóðum framleiðenda og notum aðeins viðurkenni efni og tækjabúnað sem stenst ítrstu krófur.



Framrúbuskipti

Skiptum um framrúður og önnurst annars konar rúðuskipti. Sjáum um öll rúðutjón jaft límdar rúður sem og aðrar, ásamt glerhreinsun á bil.



Smáviðgerðir

Samhliða viðgerðum getum við skoðað ástand helstu slitflata og öryggisþáttu, s.s. bremsur.



Dragháls 6-8
110 Reykjavík
sími 567 0690
www.tjon.is

DAGSKRÁ APRÍL 2019

1. apríl kl. 20

SelGARNanes og nágrenni

Áhugafólk um hannyrdir hittist einu sinni í mánuði og á notalega stund saman við handavinnu, hjálpar hvert öðru og deilir hugmyndum.

Nánar á FB-síðu hópsins:
SelGARNanes og nágrenni




2. apríl kl. 19.30–20.30

BÓKMENNTAKVÖLD með Guðrúnu Evu Mínervudóttur

Guðrún Eva les upp úr og fjallar um bók sína *Ástin Texas*, en fyrir hana fékk hún Fjöruverðlaunin í ár.

Kaffi og meðlæti og allir velkomnir!



3. apríl kl. 17.30

Sögustund fyrir yngstu börnin

Lesin verður sagan

Pila fer á flug.

Þýðing: Hildigunnur
Práinsdóttir.



Sýningaropnun í Gallerí Gróttu

Myndlistarkonurnar Marta
María og Kristín Elva opna
samsýningu sína *Plöntur*.
Sýningunni lýkur 5. maí.



4. apríl kl. 17.30

SALSAfjör á TÓNSTÖFUM

Hljómsveitin

SALSAKOMMÚNAN leikur kröftuga og dansvæna tónlist undir áhrifum frá tónlistarhefðum Suður-Ameríku.
Allir velkomnir!



Anna Steinsen – Fyrirlestur um sjálfstraust

Í erindaröð okkar um sjálfstyrkingu fáum við nú Önnu Steinsen þjálfara og eiganda KVAN til að fjalla um gott og heilbrigtt sjálfstraust og mikilvægi þess að sjá jákvæðu hlutina í eigin fari og annarra.



11. apríl kl. 15.30–17.00

BARNAMENNINGARHÁTÍD Á SELTJARNARNESI

Fjölbreytt og frábær dagskrá á Eiðistorgi og Bókasafninu fyrir alla fjölskylduna þar sem að listir, menning og sköpun barnanna á Nesinu verður í forgrunni.



Bókmennaverðlaun barnanna 2019

Nú geta börn kosið sínar uppáhaldsbækur á bókasafninu og skólasöfnunum í Mýró og Való. Kosið er um vinsælustu bækurnar og dregið um fjögur bókaverðlaun að verkefni loknu. **Greiðið atkvæði** og verið með! Kosningu lýkur 15. apríl.



27. apríl kl. 11–12

Lesið fyrir hund – Vigdís – Vinir gæludýra á Íslandi

Börnum er boðið að heimsækja safnið og lesa sér til ánaegju fyrir hunda sem eru sérstaklega þjálfaðir til að hlusta á börn lesa. Sex börn komast að í hvert skipti. Skráning á sigríður.gunnarsdóttir@seltjarnarnes.is



**Bókasafn
Seltjarnarness**

Eiðistorgi 11, 170 Seltjarnarnes, Sími: 5959-170

Keypti hreyfispjöld fyrir eldri borgara



Þær Anna Björg og Gerður ásamt Hauki Geirmundssyni íþrótta- og tómstundafulltrúa á Seltjarnarnesi.

Seltjarnarnesbær festi kaup á hreyfispjöldum fyrir alla íbúa í bæjarfélögnum 75 ára og eldri á dögunum. Það eru þær Anna Björg Björnsdóttir og Gerður Jónsdóttir íþrótta- og heilsufræðingarnir sem gáfu hreyfispjöldin út en þau eru kölluð hreyfispjöld 60+.

Hreyfispjöldin eru hönnuð með eldri borgara í huga en þrátt fyrir það geta allir nýtt sér þau. Um er að ræða einföld æfingarspjöld sem auka styrk, þol, liðleika og jafnvægi. Æflingarnar eru framkvæmdar með eigin líkamsþyngd og án útbúnaðar. Hreyfispjöldin eru í hentugri stærð og ekki er nauðsynlegt að hafa reynslu af hreyfingu þar sem á spjöldunum eru myndir og fullnægjandi útskýringar. Þær Anna Björg og Gerður segja að með reglubundinni hreyfingu megi viðhalda góðri heilsu og auka líkamlegan og andlegan styrk til að takast á við dagleg verkefni. Hreyfing hafi margbætt áhrif. Hún auki þol og vöðvastyrk, auki beinþéttini og gefi betri svefn. Þá dragi hreyfing úr hættu á ýmsum sjúkdónum eins og sykursýki af tegund 2, kransæðasjúkdóum, háþrystingi, heilablóðfalli, sumum tegundum krabbameina en einnig er minni hætta á ótímaþærum dauða.



Biskupinn í heimsókn hjá Nesfréttum

Biskup Íslands Agnes Sigurðardóttir kom við á skrifstofu Nesfréttu með fríðu föruneyti er hún var á ferð um Eiðistorgið nýlega.

Hún stoppaði m.a. hjá Borgarblöðum en það er fyrirtækið sem gefur út Nesfréttir, Vesturbærjarblaðið og Breiðholtsblaðið. Þar fékk hún upplýsingar um starfsemi Borgarblaða og var myndin tekin í því tilefni.



Á myndinni f.v.: Guðmundur Einarsson, formaður sóknarnefndar, Sr. Bjarni Þór Bjarnason, sóknarprestur, Agnes Sigurðardóttir biskup, Ólafur Egilsson, sóknarnefndarmaður, Sr. Helga Soffía Konráðsdóttir, prófastur Reykjavíkurþrófastdæmis vestra og Sr. Þorvaldur Víðisson, biskupsritari.

Nesfréttir
www.borgarblod.is

RECARO
Barnabílstólar í úrvali



BÍLASMIÐURINN HF

Bíldshöfða 16, 110 Reykjavík - Sími: 567 2330 - www.bilasmidurinn.is

FERSKUR FISKUR DAGLEGA
MIKIÐ ÚRVAL SPENNANDI FISKRÉTTA
VERÍD VELKOMIN



Nesvegur 100
Símar 562-1070, 896-4243
Opð virka daga kl. 10 - 18:30





Nú geta allir notað besta bankaappið*



Arion appið er nú opið öllum, hvort sem þú ert í reglulegum viðskiptum við Arion banka eða ekki. Það tekur innan við mínútu að sækja það og um leið getur þú:

stofnað reikninga
sótt um debet- og kreditkort
byrjað reglulegan sparnað

sótt um Núlan
nýtt þér kosti Einkaklúbbsins
og margt fleira

Það eina sem þú þarf eru snjalltæki og rafræn skilríki.

*Skv. MMR 2018

Viðtal við Benedikt Antonsson, Sigurlaug Gísladóttur og Hallfríði Bjarnadóttur

Hér er gott að vera og margt gert fyrir fólk ið

Sigurlaug Gísladóttir, Hallfríður Bjarnadóttir og Benedikt Antonsson búa öll á Skólabraut 3 á Seltjarnarnesi. Þau eiga það sameiginlegt að vera fædd upp úr 1920 og eru því á síðari hluta tíunda áratugarins. Sigurlaug er þeirra elst. Fædd 1921 og hefur búið á Nesinu í um two áratugi. Hallfríður og Benedikt eru árinu yngri. Eru fædd 1922 og hafa búið þar um skemmri tíma. Bæði fluttu þau á Nesið eftir að hafa misst maka sína. Sigurlaug er ættuð austan úr Lóni en þau Hallfríður og Benedikt eru Reykvíkingar. Upprunnin úr Grjótaþorpinu og þekktust nokkuð í bernsku. Nesfréttir settust niður með þessum ágætu eldri borgurum sem muna tvenna tíma í þjóðlifinu en eru öll sammála um ágæti þess að búa á Skólabrautinni. "Hér þarf engum að leiðast," segja þau einum rómi við komumann þegar hann stendur upp að spjalli loknu til þess að kveðja.

"Ég er ættuð frá Þórisdal í Lóni og ólst upp sem sveitastelpa. Ég var búin að vera á við og dreif eystra ádur en ég fluttist til Reykjavíkur en ég er búin að vera um 60 ár á höfuðborgarsvæðinu. Ég bjó lengi með dóttur minni en ég eignaðist aðeins hana eina barna." Sigurlaug segist hafa alist upp við sveitastörf sem hafi verið fjölbreytt og veitt innsýni í eitt og annað. "Þetta var á þeim tíma þegar allt var enn unnið í höndum. Það var hvorki rafmagn



Benedikt Antonsson, Sigurlaug Gísladóttir og Hallfríður Bjarnadóttir eru ánægðir heldri borgarar á Skólabrautinni. Þau nálgast öll 100 ára aldurinn og munda tvenna tíma í sögu lands og þjóðar.

eða sími á sveitabæjunum svo dæmi séu nefnd og skólagangan var í farskóla. Það er erfitt að lýsa þessu fyrir nútíma fólkí svo það átti sig á hvernig þetta var en það var kennt heima á bæjunum og kennarinn fór gangandi á milli bæja. Reynt var að fá sem flest börn á einn stað í sveitinni til skólagöngunnar og því urðum við að hópast saman. Það var ekki um nein sérherbergi að ræða á bæjunum og ég man að ég var látin sofa hjá kennslukununni til þess að spara pláss. Þetta var allt

með öðrum hætti en í borginni og kennarinn okkar var kona. Hún hafði orðið ekkja og brugðið búi og gerðist síðan kennari. Ég veit ekki um menntun hennar en hún var vel að sér um margt. Hafði greinilega lesið mikil. Engu líkara var en að hún kynni heilu bækurnar utan að. Ég man að hún sagði okkur krökkunum oft sögur á kvöldin. Stundum framhaldssögur ef þær voru langar. Ég held að hún hafi verið langt á undan sinni samtíð bæði hvað fróðleik og hæfni til þess að miðla öðrum af þekkingu sinni."

Bar út póst í Vesturbænum og leiðbeindi á Árbæjasafni

Sigurlaug segir að fólk á hennar aldri hafi upplifað tvenna tíma og miklar breytingar. Ekki sé hægt að bera saman mannlíf fyrir nær einni öld og það sem fólk býr við í dag. "Ég var ekki með nein próf í höndunum þegar ég kom til Reykjavíkur og varð að starfa sem verkakona. Ég var þó svo heppin að mér lagðist alltaf eitthvað til því oft var um mikil atvinnuleysi að ræða og ekki algengt að konur væru af

*Hvernig væri að byrja söluferlið
á FRÍU söluverðmati?*

www.frittsoluverdmat.is



LANDMARK
FASTEIGNAMIÐLUN

ANDRI SIGURÐSSON
Löggiltur fasteignasali
sími 690 3111

fullum þunga á vinnumarkaði. Ég varð aldrei atvinnulaus. Ég hafði alist upp við að vinna og að sjá um mig sjálf. Það reyndist mér góð heimanfylgja." Sigurlaug vann í 21 hjá Póstlinum og bar m.a. út póst í Vesturbænum í Reykjavík en eftir að póstburðarstarfinu lauk stafaði hún hjá Árbæjarsafni við að kynna gömul störf.

Var með 40 manns í vinnu

Hér er gott að vera og margt gert fyrir fólkid. Hallfríður Bjarnadóttir átti heima í Aðalstræti 16 þar til hún stofnaði heimili og flutti þá á Ljósvallagötuna. Hún varð ekkja á miðjum aldri en giftist aftur síðar og bjó þá á Háteigsvgi samhlíða því að reka prentsmiðju ásamt sonum sínum. "Fyrri maður minn, Árni Valdimarsson stofnaði prentsmiðju – Prentsmiðju Árna Valdimarssonar og eftir fráfall hans tók ég við rekstri prentsmiðjunnar. Prentsmiðjan var fyrst til húsa í Bankastrætinu, síðar á nokkrum stöðum í Miðborginni en síðast lengi í Brautarholti." Kom aldrei annað til greina en að halda rekstrinum áfram eftir fráfall Árna. "Nei það kom ekki til greina og börnin mín þrjú unnu að þessu með mér. Nei – það þótti held ég ekkert sérstakt að kona ræki prentsmiðju. Við vorum samhent í þessu fjölskyldan og strákarnir

sáu til dæmis alveg um bókbandið sem var hluti af þessum rekstri. Petta var heilmikil starfsemi og begar mest var, vorum við með um 40 manns í vinnu. Þá voru allar bækur prentað hér heima öðru vísí en nú er. Við prentuðum mikið af bókum auk annarra prentverka og bókbandsins." Hallfríður kveðst vera búin að vera í áratug á Seltjarnarnesi." Þegar ég hafði misst síðari eiginmann minn ákvæð ég að breyta til og flutti hingað árið 2009. Vinur minn á íbúðina þar sem ég bý og legir mér hana. Ég kann mjög vel við mig hér á Skólabrautinni og hér er séð til þess að maður hafi eitthvað fyrir stafni."

Mér fannst ég alltaf vera að lána peninga

Hér er gott að vera og margt gert fyrir fólkid. "Ég var alltaf í því að lána peninga," sagði Benedikt Antonsson glaðbeittur þegar hann var inntur eftir æfi sinni. Hann er fæddur í Bröttugötu í Grjótaþorpinu í Reykjavík. Var jafnaldri og nágranni Hallfríðar. "Við höfum lengi kannast við hvort annað. Við vorum í sama árgangi í Miðbæjarskólanum en ekki í sama bekk." Benedikt lagði menntabrautina fyrir sig. Varð stúdent frá Menntaskólanum í Reykjavík 1941 og lauk náni í viðskiptafræði frá Háskóla Íslands 1946 og fór þá til starfa

í viðskiptaráðuneytinu. Á þeim tíma í lok heimsstyrjaldarinnar voru Bandaríkjameðalarnar að aðstoða við uppbyggingu í Evrópu og nutu Íslendingar þess í verulegum mæli. "Ég starfaði einkum við mál tengd Marshallaðstoðinni og þegar Framkvæmdabankinn var stofnaður 1953 fluttist ég þangað yfir og eftir það í Seðlabankann þegar hann var settur á stofn og starfsemi Framkvæmdabankans var færð þangað. Ég var þar þangað til að Framkvæmdastofnun ríkisins var sett á stofn og gerðist skrifstofustjóri þar. Framkvæmdastofnun hafði ýmsar framkvæmdir á sinni könnu og þaðan fóru fjármunir til ýmissa verkefna. Sem skrifstofustjóri hafði ég umsjón með mörgum þessara mála og því fannst mér eins og ég væri alltaf að lána peninga. Raunar var ég í þessu hlutverki allt frá því ég fór að vinna við Marshallaðstoðina þar til að starfsævinni lauk." Benedikt starfaði með mörgum þjóðþekktum mönnum á langri starfsævi. Hann segir ýmsa eftirminnilega. "Ég vann til dæmis með Benjamín Eiríkssyni í Framkvæmdabankanum. Benjamín var sérstakur, fluggáfaður en fór nokkuð sínar eigin leiðir. Af öðrum sem ég starfaði með má nefna Berg Sigurbjörnsson, Sverri Hermannsson sem stýrði

Framkvæmdastofnuninni áður en að hann gerðist ráðherra. Tómas Árnason var á sama tíma við stjórnun þeirrar stofnunar en leið hans varð hin sama og Sverris – inn á Alþingi og í ráðherrastól."

Get enn spilað á píanóið

Hér er gott að vera og margt gert fyrir fólkid. Benedikt bjó svona hér og þar framan af æfi eins og hann komst að orði en byggði sér svo hús í Bakkagerði í smábúðahverfinu eins og hverfið á milli Miklubrautars og Bústaðavegar var oft kallað árið 1952. "Ég bjó þar þangað til eiginkona míni fell frá en hér er ég búinn að vera í rúman áratug. Ég átti þessa íbúð og flutti hingað 2008. Ég þekkti nokkuð til hér á Nesinu. Sonur minn bjó hér en hann fíll frá fyrir aldur fram aðeins 45 ára." Benedikt segir sérstakt hvað margt er gert fyrir eldra fólkid og það hafi alltaf eitthvað við að vera. Þær Sigurlaug og Hallfríður taka undir þau orð og segja að engum þurfi að leiðast. "Það er þá bara fólk sem vill loka sig inni og ekki hafa samskipti við aðra. Slíkt fólk verður alltaf til en er örugglega í miklum minnihluta," segja þau sammála um góðan félagsanda og næg viðfangsefni á Skólabrautinni. Þau eru öll heilsuhraust að minnsta kosti miðað við aldur og Benedikt endar spjallið á að segja að hann geti enn spilað á píanóið.

Motormax ehf
Vatnagörðum 12
Sími: 545 4040

**Við smyrjum bílinn þinn með
hágæða MOTUL olíum.**

Bílastæði í hrópandi ósamræmi við bílaeign



Ólafur Egilsson fyrum sendiherra og íbúi á Seltjarnarnesi hafði samband við Nesfréttir. Hann bendir á að gildandi skipulag fyrir Byggjarðasvæðið frá 2013 sé hóflegt skipulag sem mikil sátt náðist um. Hins vegar séu hugmyndir nýrra eigenda lóðarréttinda um að byggja miklu meira en það skipulag gerir ráð fyrir. Meðal annars sé ætlunin að byggja fimm raðhúsalengjur efst á svæðinu. Svo þróngt sé á milli þeirra að einungis sé gert ráð fyrir neyðarakstri og engin bílastæði eru önnur en við enda húsaðanna.

Ólafur segir að samkvæmt hugmyndum lóðarhafa sé fjöldi

bílastæða í heild fyrir byggðina í hrópandi ósamræmi við bílaeign Seltirninga yfirleitt. Hann segir þessa hugmynd ganga út á stórfjölgun íbúða eða um úr 140 í um 190. "Þetta myndi m.a. þýða mjög aukinn umferðarþunga um Norðurströnd, sem bætist við sívaxandi umferð á leiðinni til og frá Gróttu. Og sömu bílar myndu bætast við verulega vaxandi brengsli í Vesturbæ Reykjavíkur. Skipulagsnefnd hlýtur að hafna nýju hugmyndunum sem sannarlega eru til verulegs óhags fyrir númerandi íbúa bæjarins og ekki fallnar til að gera nýja íbúa sæla með sig á svæðinu," segir Ólafur Egilsson.

Ynja
UNDIRFATAVERSUN

Glæsibær - Álfheimar 74
S. 544 4088 - www.ynja.is

Passíusálmarnir í Seltjarnarneskirkju og RÚV

- Peir sem vilja taka þátt í lestrinum í kirkjunni á Föstudaginn langa í kirkjunni láti vita

Eins og tíðkast hefur um árabil verða allir 50 Passíusálmar sr. Hallgríms Péturssonar lesnir upp í Seltjarnarneskirkju á Föstudaginn langa 19. apríl n.k. Hefst lestrurinn kl. 13.00 og lýkur um kl. 18.00. Hópur Seltirninga á ýmsum aldrí og báðum kynjum annast lestrurinn, hver lesari flytur gjarna two til því sálma. Peir sem vilja bætast í hóp lesara eru beðnir um að hafa samband við Þórleif Jónsson í síma 611 6558 eða 561 1404 en hann hefur forgöngu um skipulagningu.



Margir hafa undanfarin ár komið í kirkjuna til að hlýða á lestrurinn og dvalið lengur eða skemur eftir aðstæðum. Í hléum á milli lestra er venja að leika fallega tónlist sem átt hefur sinn þátt í að skapa ljúft andrúmsloft á þessum helga degi, sem margir telja þann allra helgasta á öllu kirkjuárinu. Auk þess að rifja upp sögu krossfestingar Krists hafa Passíusálmarnir að geyma dýrmæt heilræði sem öllum er hollt að hugleidda. Ekkert samið á íslensku hefur verið gefið út jafnoft og þessi óviðjafnanlegi kveðskapur sálmaskáldsins.

Eins og jaðan á föstunni fyrir páskar er lestu Passíusálmannar nýlega hafinn á Rás 1 í Ríkisútvarpinu og er einn sálmur lesinn á hverju kvöldi. Nú er það hinn vel þekkti og vinsæli rithöfundur Pétur Gunnarsson sem les og gerir það frábærlega vel, skýrt og ljúflega. Er hreinasta unun að hlýða á lestrurinn og með ólikindum að heyra hve þessi aldagamli kveðskapur á beint og brýnt erindi við nútímafólk ekki síður en fyrri kynslöðir. Lesturinn er að loknum tíufréttum á kvöldin alla daga nema um helgar og er óhætt að hvetja alla til að leggja við eyru.

MYNDATÖKUR
við öll tækifæri

Ljósmyndastofan
Eiðistorgi

Tímapantanir
552-0624
milli kl. 13-17

Áralöng reynsla
Erling

„Bíddu, er ekki allt svo frábært á Seltjarnarnesi?“

Það ríkir fullkomin óvissa um framhaldið í Grunnskóla Seltjarnarness. Sveitarfélagið gerir nú kröfu um niðurskurð í skólanum korter eftir kosningar



Þorleifur Örn Gunnarsson.



þar sem ástand skólanna var nú heldur betur dásamað. Sveitarfélagið hreykir sér af skólanum en virðist enga hugmynd hafa um hvert stefnir.

Hvaða afleiðingar hefur þetta svo?

Fótunum er kippt undan fjárhagsáætlun skólans og það er mikil óvissa um það hvert hann stefnir. Bærinn rær nú öllum árum að því að koma fjárhag bæjarins á nállið eftir taprekstur síðustu ára og nemendur og starfsfólk þurfa að gjöra svo vel að taka höggið. Það er margra ára uppsöfnuð þörf á endurnýjun á ýmsum búnaði og húsgögnum skólans. Ólíkt flestum ef ekki öllum nágrönnum okkar ætlum við að draga saman segin í miðju „góðæri“ og dragast enn lengra aftur úr. Það er stöðugt verið að plástra vandann til skemmri tíma í stað þess að fara eftir langtímaáætlun til framtíðar.

Hver á svo að vinna hérra?

Það er eins og meirihlut bæjarstjórnar fylgist ekkert með hvað er að gerast í málefnum kennara. Það stefnir í kennarskort á landinu, vandi sem hefur í það minnsta verið hverjum manni augljós síðan ég byrjaði í kennaranámi fyrir tíu árum. Hvernig ætlar Seltjarnarnesbær að skapa sér sérstöðu til að fá einhver til vinnu?

Rúmlega 38% starfsmanna með háskólapróf eru á sjötugsaldri. Þetta eru 28 lykilstarfsmenn og okkar reynslumesta fólk; stjórnendur, kennarar, námsráðgjafar og sérkennarar. Í ár eru fimm kennarar sem gætu farið á eftirlaun.

Þýðir ekki að stinga höfðinu í sandinn

Það er flóðbylgja á leiðinni og bærinn kýs að stinga höfðinu djúpt ofan í sandinn. Það er engin stefna til framtíðar um hvernig eigi að fá fólk til að koma að vinna í skólanum eða halda þeim starfsmönnum sem þegar vinna í skólanum. Íbúar Seltjarnarness ættu nú að þekkjá markaðslögmalin betur en margir aðrir, kennarar eru mjög takmörkuð auðlind og til að halda þeim þarf einfaldlega að bjóða betur. Niðurskurður er augljóslega ekki lausnin.

PC og Apple tölvuviðgerðir

Fullkomíð tölvuverkstæði og margra ára reynsla og þekking fagmannna

TÖLVULAND

Skeljagrandi 1 · 107 Reykjavík
Sími 899 3417 · www.tolvoland.is

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS

Auðbrekku 1, Kópavogi



ALÚÐ • VIRÐING • TRAUST • REYNSLA



Sverrir Einarsson



Margrét Á. Guðjónsd.



Kristín Ingólfssdóttir



Hannes Ó. Sampsted

Símar allan sólarhringinn: 581 3300 & 896 8242 · www.utfarin.is
Komum heim til aðstandenda og ræðum skipulag útfarar ef óskað er.

ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR

Flatahraun 5a · www.utfararstofa.is · Símar: 565 5892 & 896 8242



Korteri eftir kosningar er komið að niðurskurði sem var ekki kosningamál enda glansmynd dregin upp við hvert hátiðlegt tækifærið og fortíðin dásomuð. Sjálfstæðismenn sitja í meirihluta sem hefur minnihluta atkvæða á bak við sig

og ég er alveg viss um að þeir hafa mikinn minnihluta foreldra með sér í þessu málí.

Þorleifur Örn Gunnarsson
Grunnskólkennari og varabœjarfulltrá Samfylkingar Seltirninga

Lífræn verslun og kaffihús í 101

Allt úr besta hráefnинu



Par sem andinn býr í efnum

Slökun í Borg

Hugleioðla á mið kl. 9.15 m/ Ernu Bergmann.
Ókeypis fyrir alla.



Afgreiðslutími:
Mán: 9.30-16
Þri-fös: 9.30-18
Lau 11-16

ÓÐINSGÖTU 1, REYKJAVÍK
systrarsamhlajð.is
@systrarsamhlajð
Sími: 511 6367

UMHVERFISHORNIÐ



Rými endurheimt

Undanfarin misseri hafa starfsmenn Þjónustumiðstöðvar Seltjarnarness með Hrein Sigurjónsson í fararbroddi unnið að því að skera kanta við göngustíga og sjóvarnargarða meðfram strandlengju Seltjarnarness við Kotagranda og Suðurströnd. Með tímanum hafði gróðurinn vaxið allt að 40 cm inn á göngustígana, þrengt þá og hamlad fór yfirborðsvatns sem safnaðist fyrir á stígunum þá sérstaklega þegar frost var í jörðu. Gróðurinn hamlodi einnig snjómokstri þar sem snjótennur sátu ofan á köntunum og náðu ekki niður á malbik. Nú hefur gróðurinn verið fjarlægður, rýmið endurheimt og ásýndin fallegri.

Hannes Tryggvi Hafstein
Formaður umhverfisnefndar



**við
hreinsum
fyrir þig**

Alhliða fatahreinsun og þvottahús síðan 1966

HRAÐI fatahreinsun
Ægisíðu 115 - Sími 552 4900
hradi@fatahreinsun.is
www.fatahreinsun.is



FÉLAGS- OG TÓMSTUNDASTARF ELDRI BÆJARBÚA

Þar sem ekki var pláss fyrir innsenda grein félagsstarfs eldri bæjarbúa í febrúarblaðinum verður stíklað á stóru úr þeim pistli. Þar segir frá skemmtilegum bingóstundum með nemendum 5. bekkjar Mýrarhúsaskóla sem hafa verið afar ánægjulegar og spennandi. Einn sameiginlegur bingódagur er eftir á þessari önnu þar sem bæði ungr og eldri spila saman bingó en það er núna 19. mars. Vonandi verður framhald á þessu starfi næsta vetrur.

Vert er að segja frá árlegri söng og súkkulaðiveisu Selkórsins sem haldin var miðvikudaginn 23. janúar í safnaðarheimili kirkjunnar. Selkóinn hefur í áraraðið boðið eldri bæjarbúum í söng og súkkulaðiveisu og er þetta ómetanlegt framlag kórsins. Sendum við okkar bestu þakkir öllum þeim sem að pessum skemmtunum standa.

Á bónadaginn var boðið upp á þorramat í safnaðarheimili kirkjunnar fyrir eldri borgara. Blótið var vel sótt, maturinn vel lukkaður og kvöldið skemmtilegt. Umgemannaráð og unga grunnskólaþólkir ræður ferðinni síðasta miðvikudag í hverjum mánuði.

Eitt sílkt kvöld var síðasta miðvikudag janúarmánaðar þar sem boðið var upp á skemmtilegla liðaskipta spurningakeppni. Eftir spennandi keppni var boðið upp á nýbakaðar vöflur og kaffi. Eru þetta afar skemmtilegkvöld þar sem mikil er spjallað og skipst á skoðunum. Miðvikudagskvöldið 27. mars verður næsti hittingur í Skelinni (félagsmiðstöð unga fólkssins) og hefst hann kl. 20.00 og hvetjum við fólk að mæta.

Dagskráin hefur verið fjölbreytt undanfarnar víkur.

Óvissuferð febrúarmánaðar var mjög svo fróðleg og áhugaverð. Farið var í Íslenska erfðagreiningu og svo í kaffi í Norræna húsinu á eftir. Miðvikudaginn 6. mars var svo nikkuð í salnum á Skólabrut þar sem fólk kom saman, söng og dansaði, naut skemmtiatriða og ágætis veitinga. Að pessu sinni bar pessa skemmtun upp á óskudag og voru því margir sem létu hugmyndaflugið ráða í fatavalí og skreytingum. Met þátttaka var í skemmtuninni sem pótti takast mjög vel.

Þriðjudaginn 12. mars mættu svo félagar Lions á Seltjarnarnesi í sameiginlegt spilavöld þar sem spiluð er félagsvist. Spilað var á 10 borðum og mikil spenna og þurfti að varpa hlutkesti til að finna út sigurvegara. Félagsvist með Lions er orðinn fastur liður í dagskrá eldri borgara á hverri vorönn og telst þeim til að þetta sé örugglega orðinn 30 ára gammall siður. Bestu þakkir Lionsmenn og altaf hjartanlega velkomnir í félagsvistina hvenær sem er. Ýmislegt annað hefur verið og verður í boði fyrir utan föstu dagskrána sem vert era óskoða.

Í febrúar fengum við heimsókn frá Mjólkursamsölunni þar sem boðið var upp á kynningu á nyjum næringardrykk og til stendur að fá heimsókn frá Öryggismiðstöðinni þar sem farið verður yfir ýmis örýggis og aðgengismál sem henta eldri borgurum.

Næsta óvissuferð er svo **21. mars**, en þá verður farið í heimsókn á Stöð 2 þar sem Þórir Guðmundsson sjónvarpsstjóri tekur á móti hópnum og síðan verður komið við í Marshallhúsinu á Granda þar sem boðið verður upp á kaffiveitingar.

Þriðjudaginn **2. apríl** verður svo skemmtileg bingóð okkar í Golfskálanum kl. 14.00, og fimmtudaginn **4. apríl kl. 19.30** mæta svo félagskonur Slysavarnadeildar Vörðunarnar og sjá um félagsvist í salnum ásamt því að bjóða upp á kaffi og meðlæti. **Mánuðaginn 15. apríl** verður svo bingóð sem allir biða eftir: Páskaeggjabingóð í safnaðarheimili kirkjunnar kl. 19.30.

Að öðru leyti er fólk hvatt til að fylgjast með dagskránni á gula blaðinu sem borið var til allra í byrjun janúar, en sí dagskrá er í gildi fyrir mánuðina janúar - júní 2019. Dagskráin er einnig auglýst í Morgunblaðinum undir félagslíf eldri borgara, inni á heimasiðu bæjarins og svo á facebook/eldri borgarar eftir því sem við á. Einnig má nálgast allar upplýsingar í aðstöðu félagsstarfsins að Skólabraut 3-5. Allar hugmyndir og dagskráttillögur má koma til forstöðumanns í síma 893 9800 eða á netfangið kristin.hannesdottir@seltjarnarns.is

FALLEGIR LEGSTEINAR



Opið: 10-17
alla virka daga

Verið velkomin

Bergsteinar
legsteinagerð

Auðbrekku 4, 200 Kópavogi, sími: 537-1029, www.bergsteinar.is



Kerrurnar
frábæru frá
Humbaur eru
til á lager!



Startrailer 1280
750 kg. Máli: 205x109.5x30 cm.
Verð: 121.888 kr. án vsk.



Gerð 1376
Opnanleg að framan.
750 kg. Máli: 205x131x35 cm.
Verð: 169.355 kr. án vsk.



Gerð 1374
Opnanleg að framan.
750 kg. Máli: 251x131x35 cm.
Verð: 201.612 kr. án vsk.



Gerð 1384
Sturtanleg.
750 kg. Máli: 251x131x35 cm.
Verð: 229.839 kr. án vsk.



Gerð 1339
Opnanleg að framan.
1300 kg. Máli: 303x150x35 cm.
Verð: 350.807 kr. án vsk.,
en með skráningu.



Gerð 2331
Opnanleg að framan.
2500 kg. Máli: 303x150x35 cm.
Verð: 431.452 kr. án vsk.,
en með skráningu.



Flatvagnar
Ýmsar stærðir og gerðir.



Smiðjuvegi 40 gul gata. Kópavogi.
Veitum upplýsingar í síma: 517 7718.
Heimasíða: www.topplausnir.is

Nýtt hjúkrunarheimili Seltjarnarnesi

Spennandi störf í boði

**Hjúkrunarfræðingar – Sjúkraliðar –
Starfsfólk við aðhlynningu – Iðjuþjálfar**

Leitað er eftir áhugasömu fólk til starfa
á nýja 40 rýma hjúkrunarheimilinu
að Safnatröð 1 á Seltjarnarnesi.

Í boði er dagvinna- kvöld- helgar- og næturvaktir.

**Upplýsingar gefur Svanlaug Guðnadóttir,
framkvæmdastjóri hjúkrunar og
Kristín Sigurþórsdóttir mannauðsstjóri: sími 560-4107.**

Sótt er um á heimasíðu **www/sunnuhlid.is**
merkt Nes-fyrir framan starfið sem sótt er um.



Hjúkrunarheimilið Seltjarnarnesi, Safnatröð 1, 170 Seltjarnarnes



GRÓTTUSÍÐAN

www.grottasport.is



Fjórði flokkur kvenna bikarmeistari í handbolta

Stelpurnar í 4. flokki kvenna í Gróttu tryggðu sér á dögumnum bikarmeistaritilinn í handbolta eftir hörkum spennandi úrslitaleik við ÍR.

Leikurinn endaði 19-17 og var María Lovísa valinn maður leiksins.

Við óskum stelpunum innilega til hamingju með frábæran árangur.

Gróttustúlkur

bikarmeistarar í 3. þrei



Bikarmeistarar í 3. þrei: Margrét Lára, Agnes, Hildur Þurí, Ísól, Ragnhildur, Ásdís, Lovísa og Sunna.

Gróttumótið halddið í annað sinn

Gróttumótið var halddið sunnudagana 3. og 17. mars, annað árið í röð, í blíðvöldri á Vivaldivellinum. 6. flokkar karla frá Gróttu, ÍR, ÍA, Álfanesi, Leiknir R. og Víkingi og 7. flokkar Gróttu, Víking, ÍR, Álfanesi, Val, Fram, ÍA og HFF mættu til leiks og gekk mótið eins og í sögu.

Liðin sendu frá sér 90 lið í heildina á mótnum og spilaði hvert lið 5 leiki. Allir þátttakendur fengu safa frá Goji berry og Floridana og medalíu að mótinu loknu. Benedikt Bjarnason tók liðs- og svipmyndir á mótinu sem hægt er að sjá á Facebook síðu knattspyrnudeildarinnar og [instagram.com/grottaspot/](https://www.instagram.com/grottaspot/). Mótin voru haldin af meistaraflokkar karla og meistaraflokkur kvenna heldur síðan Íslandsbankamót Gróttu þann 24. mars fyrir 6. og 7. flokkur kvenna. Það er því nóg um að vera á Vivaldivellinum þessa dagana.



Priðji flokkur kvenna sigurvegarar

Priðji flokkur kvenna í fótbalta hélt til Akureyrar helgina 8. til 10. febrúar að keppa á Stefnumóti KA. Alls héldu 22 stelpur í ferðina ásamt tveimur þjálfurum og fararstjórum og mikil stemning var í hópnum.



Gróttu/KR tefldi fram tveimur liðum og náðu bæði liðin flottum árangri. A-liðið keppti gegn Þóri úrslitaleik í A-úrslitum og fór hann 1-0 fyrir Gróttu/KR eftir að Lovísa Scheving kom boltanum í netið. B-liðið tapaði gegn Aftureldingu í úrslitaleik og hneepptu þær því annað sætið í sínu móti.



Sími: 588 9705
www.skautaholl.is

Opnunartímar:

Mánud. Priðjud. og miðvikud.
13:00-14:30

Fimmtudaga
13:00-14:30 og 17:00-19:30

Föstudaga
13:00-14:30

Laugardaga og sunnudaga
13:00-17:00

Skólar og sérhópar:
Mánudag til föstudags 10:00 til 15:00.



GETRAUNANÚMER
GRÓTTU ER
170

Lagt til að hámarkshraði verði 15 km



Stígrinn er of mjór til að bera bæði keppnishjóreiðar og göngufólk.

Á dögunum var maður á miðjum aldri í göngutúr úti við Gróttu. Hjólreiðamaður á keppnishjóli kom aftan að manninum á yfir 30 km. hraða og hjólaði beint á manninn, sem varð fyrir nokkrum meiðslum. Maðurinn hefur kært verknaðinn til lögreglu og samkvæmt heimildum er málid meðhöndlað sem líkamsáras.

Stígrinn milli golfvallarins og Gróttuvita er of mjór til að bera hvort tveggja, keppnishjóreiðar og göngufólk. Á björtum dögum fara hundruð hjólreiðafolks um stíginn, oft á yfir 50 kílómetra hraða. Á næstunni mun Karl Pétur Jónsson, bæjarfulltrúi leggja fram í nafni Viðreisnar/Neslista tillögu um að hámarkshraði á stígnum verði 15 km og að bærinn framfylgi því banni.

Leikskóli Seltjarnarness

Innritun fyrir skólaárið 2019-2020



Innritun barna fyrir skólaárið 2019-2020 fer fram í aprílmánuði nk. Til að eiga rétt á leikskóladvöl þarf barn að eiga lögheimili á Seltjarnarnesi. Sækja skal um leikskóladvöl á heimasíðu Seltjarnarnesbæjar www.seltjarnarnes.is gegnum Mínar síður. Mikilvægt er að umsóknir hafi borist fyrir **31. mars nk.** Umsóknir sem berast eftir þann tíma verða afgreiddar eftir því sem leikskólapláss losnar.

Nánari upplýsingar og aðstoð við innritun veitir Sonja Jónasdóttir í síma 5959 287. Fyrirsprungur má einnig senda á sonja@seltjarnarnes.is og leikskoli@seltjarnarnes.is

Upplýsingar um Leikskóla Seltjarnarness:

<http://leikskoli.seltjarnarnes.is/>

www.seltjarnarnes.is/thjonusta/menntun/leikskolar/

<http://www.seltjarnarnes.is/thjonusta/menntun/leikskolar/innritunarreglur/>

Skólastofa Seltjarnarnesbæjar



SELTIRNINGUR MÁNAÐARINS

Seltirningur mánaðarins að þessu sinni er María Lovisa Jónasdóttir. Hún var á dögunum bikarmeistari með 4. flokki kvenna í handbolta hjá Gróttu og var valin maður leiksins í bikarútslitaleiknum. María Lovisa leikur í marki Gróttu.



Fullt nafn? María Lovisa Jónasdóttir.
Fæðingard. og ár? 24. júní 2003.

Starf? Nemi i 10. bekk í Valhúsaskóla.

Farartæki? Hjól.

Helstu kostir? Samviskusöm og metnaðargjörn.

Eftirlætis matur? Sushi og nautalund með bernaise.

Eftirlætis tónlist? Fíla allskonar tónlist en hlusta mest á það sem er nýtt í dag.

Eftirlætis íþróttamaður?

Gylfi Sigurðsson og Messi.

Skemmtilegasta sjónvarpsefnið?

Gossip girl.

Besta bók sem þú hefur lesið?

Á enn eftir að lesa hana.

Uppáhalds leikari?

Enginn sérstakur.

Besta kvíkmynd sem þú hefur séð?

The Notebook og A star is born.

Hvað gerir þú í fristendum þínun?

Fer á fótbalta og handboltaæfingar og er með vinum.

Fallegasti staður sem þú hefur

komið á? París og Róm.

Hvað metur þú mest í fari annarra?

Heiðarleika og kímnigáfu.

Hvern vildir þú helst hitta?

Michael Jordan.

Uppáhalds vefsíða?

Netflix.com

Hvað vildir þú helst fá í afmælisgjöf?

Nýja takkaskó.

Hvað myndir þú gera ef þú ynnir 10 milljónir í happdrætti?

Setja inn á banka svo ég geti keypt mér bíl þegar ég verð 17 ára.

Hvað myndir þú gera ef þú værir bæjarstjóri í einn dag?

Byggja fótboltahöll á Nesinu og gera Eiðistorg meira næs.

Að hverju stefnir þú í framtíðinni?

Standar mig vel í íþróttum og námi.

Hvað gerðir þú í sumarfrínu?

Fór til Svíþjóðar með U-16 handbotalandsliðinu, USA cup í Minneapolis með Gróttu/KR í fótbalta

og Spánar með fjólskyldu og vinum.



Mikið úrval af TYR sundfatnaði - nýjar gerðir og litir, úr DURAFAST 300+ efninu, sem er sérlega klórþolið og lithelt.

Kíktu á úrvalið á heimasíðu okkar www.aquasport.is



Bæjarlind 1-3, 201 Kópavogur
sími: 5640035

TIL HAMINGJU SELTIRNINGAR



Öll heimili á Seltjarnarnesi eiga nú kost á Eitt gíg netsambandi.

Vilt þú fría heimsendingu á gríðarlega góðu interneti? Þú byrjar á að panta gæðasamband Ljósleiðarans. Við höfum samband og finnum hentugan tíma fyrir uppsetningu. Mætum svo stundvíslega heim til þín og setjum upp ljósleiðarabox. Tengjum svo við boxið netbeini, myndlykil og heimasíma. Og að lokum komum við öllum þráðlausum tækjum heimilis í netsamband.

Allt þetta í einni heimsókn, og allt tengt.

EITT GÍG
LJÓSLEIÐARINN

Ljósleiðarinn býður 1000 megabita gæðasamband sem er með sama hraða í báðar áttir.



LJÓSLEIÐARINN
— Gæðasamband